



Berglind Stefánsdóttir

Ég óska eftir umboði ykkar til að starfa sem meðstjórnandi í stjórn Sálfræðingafélagsins.

Ég lauk cand.psych prófi árið 2013 og hef síðan fengið nokkuð fjölbreytta reynslu sem sálfræðingur.

Ég hef starfað á Landspítalanum, bæði á Kvennadeild og í áfallateymi geðsviðs, starfaði einnig á stofu hjá Áfalla- og sálfræðimiðstöðinni í fullu starfi og í dag er ég sálfræðingur í Inntökuteymi Virk starfsendurhæfingarsjóðs.

Einnig hef ég tekið þátt í félagsstörfum í gegnum tíðina. Nú síðast sat ég í stjórn félags um hugræna atferlismeðferð (FHAM) og

einnig hef ég setið í fræðslunefnd Sálfræðingafélagsins. Meðfram mínu námi tók ég einnig þátt í nemendafélagi sálfræðinema og sat í Háskólaráði HÍ.

Finnst starfið innan félagsins mjög áhugavert og þætti virkilega vænt um að fá að taka beinan þátt í starfi þess.